

**274. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, mánudaginn 28. ágúst 2023 og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Guðmundur Ingbór Guðjónsson formaður, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir varaformaður, Anna Sólveig Smáradóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi, Karl Jóhann Haagensen byggingarfulltrúi, Ásbjörn Egilsson verkefnastjóri, Anna Þóra Gísladóttir verkefnastjóri, Jón Arnar Sverrisson garðyrkjustjóri, Jens Heiðar Ragnarsson slökkviliðsstjóri og Lárus Ársælsson umhverfisstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Anna Þóra Gísladóttir, verkefnastjóri.

**Fyrir tekið:**

- 1. 2308168 - Deiliskipulag Flatarhverfi klasi 5 og 6 Innesvegur 1 Breyting á starfsemi úr bílasölu í þvottastöð**

Forsvarsmenn Löðurs fara yfir hugmyndir sínar um þvottastöð á lóðinni.

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar forsvarsmönnum Löðurs fyrir komuna á fundinn og felur Höllu Mörtu Árnadóttur skipulagsfulltrúa áframhaldandi vinnu að málinu.*
- 2. 2307159 - Strandstígur á Akranesi (Ása Katrín)**

Ása Katrín Bjarnadóttir kynnir meistaraverkefni sitt í borgarhönnun, "Bláa þráðinn". Verkefnið fjallar um menningu, sögu, náttúru og upplifun af strandlínu Akraness.

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar Ásu Katrínu Bjarnadóttur fyrir góða og áhugaverða kynningu.*
- 3. 2305126 - Merktún - Okkar Akranes - Opin svæði 2023**

Lilja Filippusdóttir landslagsarkitekt hjá Lilium teiknistofu kynnir tillögu að hönnun á Ævintýragarði á Merktúni. Ævintýragarður á Merktúni hlaut flest atkvæði í Okkar Akranes - Opin og græn svæði.

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar Lilju hjá Lilium teiknistofu fyrir greinargóða kynningu og felur Jóni Arnari Sverrissyni garðyrkjustjóra, Ásbirni Egilssyni og Önnu Þóru Gísladóttur verkefnastjórum að vinna áfram að málinu með Lilju.*
- 4. 2301291 - Húsnæðismál Slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar**

Slökkviliðsstjóri mætir á fundinn og fer yfir framvindu málsins frá síðasta fundi. (6. febrúar s.l.)

*Skipulags- og umhverfisráð felur Jens Heiðari Ragnarssyni slökkviliðsstjóra og Höllu Mörtu Árnadóttur skipulagsfulltrúa að koma með tillögu að lóð fyrir starfsemi slökkviliðs og annarra viðbragðsaðila.*
- 5. 2204184 - Íþróttahús á Jaðarsbökkum - uppsteypa og ytri frágangur**



Farið yfir stöðu framkvæmdar.

*Skipulags- og umhverfisráð felur Ásbirni Egilssyni verkefnastjóra að kynna málið í skóla- og frístundaráði og að vinna áfram að málinu.*

**6. 2308093 - Sorptunnubreyting - útvegur**

Farið yfir útboð vegna sorpmála.

*Skipulags- og umhverfisráð felur Lárusi Ársælssyni umhverfisstjóra að vinna áfram að málinu.*

**7. 2207011 - Deiliskipulag Dalbrautarreitir - norðurhluti**

Deiliskipulag Dalbraut N, farið yfir tvær tillögur að skipulagi, meðfylgjandi er skuggavarp.

*Skipulags- og umhverfisráð felur Höllu Mörtu Árnadóttur skipulagsfulltrúa áframhaldandi vinnu við skipulagið.*

**8. 2209259 - Stefnumótun Akraneskaupstaðar**

Vinna við forgangsröðun verkefna.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að vinnufundur um stefnumótunarverkefni á sviðinu verði haldinn mánudaginn 4. september nk.*

**9. 2304150 - Höfðagrund 7 - umsókn til skipulagsfulltrúa**

Umsókn lóðarhafa Gísla S. Einarssonar um breytingar á deiliskipulagi Sólmundarhöfða. Í breytingunni felst að stækka byggingarreit um 18,2 m<sup>2</sup> við Höfðagrund 7. Fyrirhugað er að reisa garðskála við núverandi íbúðarhús. Nýtingarhlutfall lóðar verður 0,37.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að grenndarkynnt verði skv. 2. mgr. 43. greinar skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt verður fyrir fasteignaeigendum við Höfðagrund 9, 11, 14, 14A og 14B.*

**10. 2303092 - Suðurgata 126 - Umsókn til skipulagsfulltrúa**

Umsókn S126 ehf. um breytingu á deiliskipulagi Sementsreits vegna lóðar Suðurgötu 126. Sótt er um breytta notkun húss úr geymsluhúsnæði í íbúðarhúsnæði, skilgreindur verður byggingarreitur undir mannvirki á lóðinni og breyting á útliti húss. Bílskúrshurð tekin út á norðausturhlíð og gluggi settur í staðinn, aðrar hlíðar haldast óbreyttar. Skilgreindur byggingarreitur C, heimild að byggja 77fm skv. núgildandi skipulagi.

Grenndarkynnt var skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir lóðarhöfum Sementsbrautar 15, Suðurgötu 124 og 122, Skagabraut 24 og Jaðarsbraut 3 frá 12. júlí 2023 til 8. ágúst 2023.

Eitt samþykki barst.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt, send Skipulagsstofnun og auglýst B-deild Stjórnartíðinda.*

**11. 2308167 - Deiliskipulag Flóahverfi - breyting v. jarðstrengs**

Breyting á deiliskipulagi Flóahverfis vegna legu jarðstrengs í eigu Landsnets. Í breytingunni felst að gatan Kelduflói færirist til vesturs.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að málsmeðferð verði samkvæmt 2. mgr. 43. gr., með vísun í 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Send skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.*

**12. 2304154 - Deiliskipulag Jaðarsbakkar**

Vinna við deiliskipulag Jaðarsbakka.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn Akraness að samþykkja tillögu ráðsins um að fella út möguleika á þéttingu íbúðabyggðar á Jaðarsbökkum í þeirri vinnu við breytingu deiliskipulags sem nú fer fram. Þessi tillaga er komin til samþykktar vegna þeirra umsagna sem bárust á kynningartíma skipulagslýsingarinnar.*

**13. 2305045 - Aðalskipulag Akraness 2021-2033 breyting - Jaðarsbakkar**

Vinna við breyting á Aðalskipulag Akraness vegna Jaðarsbakka.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn Akraness að samþykkja tillögu ráðsins um að fella út möguleika á þéttingu íbúðabyggðar á Jaðarsbökkum í þeirri vinnu við breytingu aðalskipulags sem nú fer fram. Þessi tillaga er komin til samþykktar vegna þeirra umsagna sem bárust á kynningartíma skipulagslýsingarinnar.*

**14. 2308057 - Vegna niðurrifs við Dalbraut 8 og 10 - fyrirspurn og athugasemdir**

Umfjöllun um bréf til Andrésar Ólafssonar varðandi niðurrif á Dalbraut 10.

*Skipulags- og umhverfisráð óskaði eftir því við starfsmenn skipulags- og umhverfissviðs, að svara erindi Andrésar Ólafssonar varðandi niðurrif við Dalbraut 10. Efni bréfs var staðfest af ráðsmönnum og það sent s.l. föstudag.*

*Í framhaldinu óskar ráðið eftir því að niðurrifsframkvæmdir við Dalbraut 8 og Dalbraut 10 verði kynntar með fréttatilkynningu á heimasíðu Akraneskaupstaðar, þar sem allar helstu upplýsingar um niðurrifið verða veittar.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21:30.**

*Anna Sölvör Smaradóttir  
Guðrún Elvía Guðjónsdóttir  
Saraís Alexia Sýrímundsdóttir*